

9. fundur stjórnar Siðmenntar

7. september 2023 | Laugavegi 178 | kl: 16:30

Mætt:

Inga Auðbjörg, Sigurður Rúnarsson, Hope Knútsson, Helga Bára Bragadóttir og Eyjólfur Örn Snjólffsson framkvæmdastjóri á staðnum. Arnar Snæberg Jónsson í fjarfundartengingu.

Fundargerð ritar: Eyjólfur Örn Snjólffsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá

1. Þingsetning

Skrifstofa er búin að skipuleggja Þingsetningarhugvekju Siðmenntar kl. 11:45 - 12:45 þriðjudaginn 12. september 2023 í sal lðnó. Gestum verður boðið upp á súpu, kaffi og sætt með því.

Eftirfarandi aðilum er boðið: Forseti Íslands, forsetafrú, þingmenn, framkvæmdastjórar þingflokka og aðstoðarmenn flokksformanna.

Dagskrá er sem hér segir:

- Húsið opnar 11:45
- Inga Straumland býður gesti velkomna
- Brynhildur Björnsdóttir athafnastjóri flytur hugvekju og lag
- Atli Þór Fanndal frá Íslandsdeild Transparency International ræðir um heilindi löggjafarvaldsins
- Anna Bergljót Böðvarsdóttir og Gunnur Arndís Halldórsdóttir flytja lög

Áætlaður kostnaður er 550 þúsund isk.

Þann 17. ágúst var sendur póstur þar sem fólk var beðið um að taka daginn frá. Formlegt boðskort var sent 7. september.

Stjórn hefði viljað hafa meira samráð við dagskrárgerð.

2. Heimsráðstefna húmanista í Kaupmannahöfn 3. - 6. ágúst

Heimsráðstefna húmanista var haldin í Kaupmannahöfn dagana 3. - 6. ágúst og var haldin af Siðmennt + húmanistafélögum Norðurlandanna.

Alls fóru 20 Íslendingar á ráðstefnuna:

- **Starfsmenn:** Eyjólfur framkvæmdastjóri, Guðrún verkefnastjóri athafnaþjónustu og Kolbrún Ósk verkefnastjóri fermingarfræðslu.
- **Stjórnarmenn:** Inga Straumland formaður, Kristín gjaldkeri, Sigurður ritari, Helga Bára varamaður og Mörður varamaður.
- **Athafnastjórar / fermingarfræðarar:** Krístrún Ýr, Bæring Breiðfjörð, Katrín Oddsdóttir, Bjarni Jónsson, Erla Sigurlaug Sigurðardóttir, Guðrún Vala Elísdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, María Rut Hinriksdóttir, Valgerður Þ.E. Guðjónsdóttir.
- **Maki:** Linda Vilhjálmsdóttir.
- **Ótengd með erindi:** Uglya Stefanía og Hulda Þórisdóttir.

Þátttakendur hlýddu á erindi, tóku þátt í vinnustofum og efldu tengslanetið. Auk þess voru eftirfarandi einstaklingar á vegum Siðmenntar með erindi eða stýrðu vinnustofum:

- Kolbrún Ósk, Krístrún Ýr, Bæring Breiðfjörð, Inga Straumland og Katrín Oddsdóttir.

Heildarkostnaður félagsins af verkefninu var 3,3 milljón ISK.

Samantekt WHC 2023	
Þegar greitt	
Flug	1.090.499
Gisting	927.165
Ráðstefna	733.245
Dagpeningar	248.865
Lest	2.982
Þegar greitt alls	3.002.755
Útistandandi	
Ekki innheimt / Ógreitt	76.088
Dagpeningar til stjórnar	264.750
Útistandandi alls	340.838
Kostnaður vegna WHC 2023 alls	3.343.593

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation


MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

3. Fermingar 2024 - staðan

Skráningar í fermingarathafnir 2024 hafa farið vel af stað. Opnað var fyrir skráningar mánuði síðar en í fyrra. Þessi tímasetning hentar ágætlega. Fjöldi skráninga hefur aukist mikið eftir að sumarfríum lauk og Þjóðkirkjan hóf fermingarfræðslu fyrir sínar fermingar.

Eins og sjá má á grafinu hér að neðan (tölur 14. september 2023) þá er fjöldi skráninga nokkuð lægri heldur en á sama tíma í fyrra. Verkefnastjóri mun setja slurk í markaðsátak. Boozta á facebook og setja auglýsingar í hreppsblöð. Einnig verður athugað með að kaupa auglýsingar á strætóskilti.

Fjöldi skráninga í fermingarathöfn næsta árs



4. Vetrarstarf

Stjórn hefur áhuga á að kanna möguleika á að halda tvo viðburði sem hefð er komin fyrir:

- Efast á kránni - athuga með að fá Huldu Þórisdóttur
- Dauðakaffi

5. Önnur mál

Kristín Helga Schiöth, sem hefur verið í leyfi frá stjórnarstörfum, hefur hug á að koma aftur inn í stjórnina. Samþykkt.

Það vantar fulltrúa í stjórn MRSÍ (Mannréttindaskrifstofu Íslands). Sigurður er tilbúinn að skoða hvort að hann gefi kost á sér en framkvæmdastjóri ætlar að kanna hvort að verkefnastjóri athafnaþjónustu hafi mögulega áhuga.

Næsti fundur: 5. október og óskað eftir viðveru athafnaráðs.

Ákvörðunarlisti

Atriði
Hafa meira samráð með stjórn um dagskrá Þingsetningarhugvekju
Setja meiri kraft í auglýsingar fyrir fermingar 2024
Athuga með að halda "Efast á kránni" og fá Huldu Þórisd
Athuga með að halda dauðakaffi
Kristín kemur aftur inn í stjórn Siðmenntar
Finna einstakling í stjórn MRSÍ
Fá athafnaráð inn á næsta stjórnarfund

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands